

Skólaráð Tjarnarskóla

Fundargerð 2. fundar

föstudaginn 24. nóvember 2009

Mættar voru:

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri
Helga Júlía Vilhjálmsdóttir, kennari
Viktoría Gilsdóttir, kennari
Anna Laufey Þórhallsdóttir, ritari
Ragnheiður Hanson, grenndarsamfélagi / foreldrahópi
Katrín Valgeirsdóttir, foreldri
Ása Lind Finnbogadóttir, foreldri
Una Valgerður Gísladóttir, nemandi
Elma Dís Árnadóttir, nemandi

Farið var yfir fundargerð 1. fundar 2009. Einni athugasemd var komið á framfæri og fundargerðin síðan samþykkt með áorðnum breytingum.

1. Reglugerð um skólaráð.

Farið var yfir Reglugerð um skólaráð við grunnskóla og hugað að þeim viðfangsefnum sem skólaráði er ætlað að sinna. MT sagði m.a. frá umbótaáætlun sem verið er að vinna í skólanum og verður sent á Menntasvið Reykjavíkurborgar innan skamms. Í umbótaáætlun er gert ráð fyrir endurskoðun skólanámskrárinnar, sem kemur einnig til umfjöllunar í skólaráði. Reiknað er með að sú vinna fari fram næstu tvö skólaár. Einnig var minnst á rekstraráætlun, en sú grein á ekki alls kostar við um sjálfstætt rekna skóla. Starfsáætlun mun verða unnin á vormisseri (skóladagatalið) og borin undir skólaráð til samþykktar. Varðandi stefnu og sérkenni skóla væri gott að heyra frá nemendum varðandi það. Einnig rætt um hlutverk skólaráðs að fylgjast með stöðu eldvarna og öryggismálum í skólanum.

2. Starfsáætlun skólaársins 2009 – 2010.

Rætt var um fjölda funda á skólaárinu.

- Talið hæfilegt að hafa þá fjóra (að þessum meðtöldum).
- Stefnt er að öðrum fundi í byrjun febrúar. Sá fundur verður „opinn fundur“ (hugarflæðis-) með þátttöku foreldra, nemenda og kennara. Þar sem þetta er 25. starfsár Tjarnarskóla var rætt um að óska eftir hugmyndum á fundinum um hvernig við ættum að fagna þessum áfanga.
- Aprílfundur verður síðan nýttur til þess að fara yfir skólareglur og öryggismál.
- Fjórði og síðasti fundur skólaársins yrði svo í skólalok og yrði þá skóladagatal næsta skólaárs lagt fram til samþykktar.

3. Önnur mál.

Elma kom með erindi frá Kvosarhópi. Nemendur í Kvos (yngsti hópurinn) vilja gjarnan fá jafn langt hádegishlé og nemendur í Læk og Smiðju (tveir eldri hópar). Eftir góðar umræður um þetta var ákveðið að koma til móts við þessar óskir á 4. önn. Vísað var í samþykkt á foreldrafundi haustsins þar sem skoðun foreldra var afgerandi í þá veru að nemendur ættu að koma nestaðir í skólann og að óæskilegt væri að þeir færu úr húsi í hádegi. Þetta er því nokkurs konar málamiðlun. Fulltrúar nemenda í ráðinu voru sáttir við þetta fyrir hönd nemenda.

Í framhaldi af þessu sköpuðust umræður um Ávaxtabílinn, hafragrautinn, hollt nesti og óhollt o.s.frv...

Ása Lind, fulltrúi foreldra, spurði um fyrirhugað fjarnám tíundu bekkinga í Tjarnarskóla í lífsleikni, en allir tíundubekkingar síðasta árs tóku lífsleikniáfanga í fjarnámi í FÁ. Ása kennir lífsleikni í Fjölbrotarskólanum í Garðabæ og sagði okkur að tveir Tjarnskælingar hefðu komið til þeirra í haust sem voru búnir með lífsleikniáfanga í fjarnámi í FÁ. Þeir kusu því ekki að taka þátt í lífsleikniáfanganum í FG sem henni þótti miður af því að þeir misstu þá af hópefliþættinum þar og ferðalögum sem eru bara á dagskrá fyrir nýnema. Farnar væru ferðir o.fl. Hún sagði að ef þau væru búnir með þennan áfanga þegar þau kæmu í framhaldsskóla þá misstu þau af því að sameinast hópnum. Margrét þakkaði henni ábendinguna og ætlar að skoða málið.

Elma, fulltrúi nemenda, kom einnig með erindi frá yngri nemendum um að þeim þætti eftirsóknarvert að fara á skauta annaðhvort í Skerpu eða íþróttatíma (þau voru búnir að nefna þetta við íþróttakennarann). MT sagði henni að fleiri nemendur hefðu orðað þetta við sig og það stæði til að fara á skauta í næstu viku sem er síðasta vika fyrir prófaviku.

Ákveðið að halda sig við klukkustundar tímaramma og fundi slitið eftir eina klukkustund.

ALP